


LANDSPILDUBLAÐ - KVERKFJÖLL - MÚLAPING




Hnitaskrá:

	x-hnit(austur)	y-hnit(norður)
j1b-1	636226	479135
j1b-2	606126	437340
j1b-3	609219	466553
j1b-4	609863	472642
j1b-5	610754	481055



Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið



FYLGIKORT MEÐ UMSÓKN UM STOFNUN ÞJÓÐLENDU:

Landnúmer þjóðlendu: _____

Land innan eftirfarandi marka þ.e. hluti Vatnajökuls innan Múlapings (Kverkfjöll) er þjóðlenda. Afmörkun svæðisins er svohljóðandi, sbr. mál nr. 1/2007 hjá óbyggðanefnd og einnig meðfylgjandi kort.

Um er að ræða þjóðlendu sem fer yfir sveitarfélagamörk á tveimur mismunandi stöðum og liggur því þjóðlendan ekki samfelld.

Texti sem er **feitiletraður** er tekinn beint upp úr úrskurði óbyggðanefndar en öðrum texta hefur verið bætt við eða breytt vegna skiptingar þjóðlendunnar á milli sveitarfélagsmarka.

Suðaustur hlutinn: Flatarmál 321 km²

Að austan er miðað við línu sem dregin er frá jaðri Brúarjökuls, við upptök Kverkár (j1b-1), til suðvesturs til skurðar við línu þá á Vatnajökli sem afmarkar svæðið til suðurs og liggur frá Sviahnjúk eystri og til austurs í stefnu á miðja Breiðubungu. Þar sem fyrrnefnda línan sker þá síðarnefnda er hornmark (j1b-2). Þetta hornmark er á sama stað og hornmark sem fram kemur á korti Miðhálandsskipulags, nánar tiltekið þar sem lína dregin frá aðalupptökum Jökulsár á Fjöllum við Dyngjujökul sker sömu línu og áður greindi á milli Sviahnjúks eystri og Breiðubungu. Frá hornmarkinu er sveitarfélagamörkum Þingeyjarsveitar og Múlapings fylgt í jökuljaðri Kverkfjalla (j1b-3) á móts við punkt norðvestan við Vesturfjöll. Að norðan, á milli framangreindra austur (j1b-1)- og vesturmarka (j1b-3) við jaðar Vatnajökuls, er jökuljaðrinum fylgt og miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Norður hlutinn: Flatarmál 12 km²

Frá punkti í jökuljaðri Dyngjujökuls (j1b-4) staðsettur á beinni stefnu austur í Virkisfell. Þaðan áfram til norðurs eftir sveitarfélagamörkum Þingeyjarsveitar og Múlapings að þeim stað þar sem Jökulsá á Fjöllum hefur aðalupptök sín í Dyngjujökli (j1b-5). Jökuljaðrinum fylgt til suðurs að upphafspunkti (j1b-4) og miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Landsvæði þetta er þjóðlenda og um slík landsvæði fer eftir ákvæðum laga um þjóðlendu og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Landeigandi: Íslenska ríkið, skv. 2. gr. laga nr. 58/1998. Fyrirsvarsmáður: Forsætisráðherra skv. d-lið, 7. tölul. 1. gr. forsetaúrskurðar nr. 125/2021 um skiptingu stjórnarmálaefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Kennitala: 540269-6459

Skýringar:

- Hnitpunktur og númer hnitpunkts
- Afmörkun landspildu
- Flatarmál landspildu
- Mörk sveitarfélaga
- Jökull
- Stöðuvatn, á
- 20m-hæðarlínur

Flatarmál: 333 km²

Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu.

Kortagrunnur á þessu korti er byggður á stafrænum gögnum Landmælinga Íslands í mælikvarða 1:50.000 (is50V) og hnitakerfi ISN93.

Fyrirvari er um nákvæmni hnitpunkta í hnitaskrá þar sem skekkjumörk geta verið allt að 500 m. Textalýsing á afmörkun þjóðlendu er ávallt réttari en hnitin.

Grunnkort birt með leyfi Landmælinga Íslands.

MKV. - BLAÐSTÆRD	KORTI BREYTT:	DAGS. KORT:	KORT NR:
1:250.000 í A3		30.06.2023	SV6-J1B

SAMÞYKKT Í SVEITARSTJÓRN ÞANN:

TEIKNAD AF:	SAMÞYKKT AF:	VERK NR:
SF/KG	OH	206-027

AUSTURVEGI 6 800 SELFÓSS
netfang: landform@landform.is

sími: 482 4090
veffang: www.landform.is



Sveitarfélagið Hornafjörður